

Áhættumat laxeldis í sjókvíum

Ráðgjöf 2025
106 500
tonn

Ráðgjöf 2020
106 500
tonn

Breyting á ráðgjöf

0 %

Birting ráðgjafar: 28. ágúst 2025 drög. Útgefið af Hafrannsóknastofnun.





RÁÐGJÖF

Hafrannsóknastofnun leggur til, byggt á markmiðum stjórnvalda um áhættumat erfðablöndunar og að gefnum forsendum um mótvægisáðgerðir, að samanlagður hámarkslífmassi frjós eldislax árin 2025 til 2027 verði ekki meiri en 106 500 tonn. Lagt er til að eldismagn á Vestfjörðum verði ekki meira en 64 500 tonn og eldismagn á Austfjörðum verði ekki meira en 42 000 tonn.

Enn fremur leggur Hafrannsóknastofnun til að án mótvægisáðgerða er, í ljósi varúðarsjónarmiða, ráðgjöf miðuð við 50 000 tonna hámarkslífmassa. Eldismagn á Vestfjörðum verði ekki meira en 25 300 tonn og eldismagn á Austfjörðum verði ekki meira en 24 700 tonn.

ÁHÆTTUMAT

Ráðgjöf um áhættumat upp á 106 500 tonna lífmassa byggir á virkni mótvægisáðgerða varðandi stjórnun kynproska og vöktun á ám nærri eldissvæðum.



Áhættumat laxeldis. Eldismagn eftir svæðum. Vænt þriggja ára ágengni eftir laxveiðiám og fiskeldismagn eftir eldissvæðum. Fjöldi strokatburða og heildarfjöldi strokulaxa. Vikmörk sýna 95 % öryggisbil.


FORSENDUR RÁÐGJAFAR OG GÁTMÖRK

Forsendur ráðgjafar	Áhættumat ásamt mótvægisáðgerðum
Nýtingaráætlun	Ekki hefur verið skilgreind nýtingaráætlun fyrir fiskeldi
Áhættumat	Slæmbihermd ágengni
Inntaksgögn	Stofnmat villtra laxastofna, strok úr fiskeldi, birtar vísindagreinar og erlend gagnasöfn [ICES 2025]

Nálgun	Viðmiðunarmörk	Gildi	Grundvöllur
Varúðarnálgun	IR_{lim}	0.04	Hámarkságengni til 3 ára
	$K_{Patreksfjörður}$	20000	Burðarþol, Patreksfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Arnarfjörður}$	20000	Burðarþol, Arnarfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Dýrafjörður}$	10000	Burðarþol, Dýrafjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Öndarfjörður}$	2500	Burðarþol, Öndarfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Ísafjarðardjúp}$	30000	Burðarþol, Ísafjarðardjúp (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Seyðisfjörður}$	10000	Burðarþol, Seyðisfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Reyðarfjörður}$	20000	Burðarþol, Reyðarfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Fáskrúðsfjörður}$	15000	Burðarþol, Fáskrúðsfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Stöðvarfjörður}$	7000	Burðarþol, Stöðvarfjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)
	$K_{Berufjörður}$	10000	Burðarþol, Berufjörður (Hafrannsóknastofnun 2022)

HORFUR

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á áhættumati, þeim mótvægisáðgerðum sem eru í gildi ásamt aukinni vöktun í ám næst eldissvæðum. Mikilvæg forsenda ráðgjafar er að mótvægisáðgerðir haldi og séu að virka samhliða aukinni vöktun. Að öðrum kosti þyrfti að draga úr framleiðslu, í ljósi varúðarsjónarmiða, eru því til samanburðar sýndar niðurstöður áhættumats miðað við mótvægisáðgerðir sem komu til vegna stroks í Kvígingisdal 2023 og niðurstöður miðað við engar mótvægisáðgerðir.




Áhættumat laxeldis. Burðarþol eldissvæða (bláir punktar) og meðalstofnstærð laxastofna (grænir punktar) sem notað er sem inntak í áhættumatið. Stærð punkta er eftir tölugildi.

Áhættumat laxeldis. Niðurstöður áhættumatsins.

Grunnur	Svæði	Eldismagn	Breyting (%)	Fj. atburða	Meðal fjöldi strokulax	95 % hlutfallsmörk strokulaxa
Virkar mótvægisaðgerðir	Vestfirðir	64 500	0.0	2.59	17 677	77 263
	Austfirðir	42 500	0.0	1.77	8 573	52 139
Mótvægi í ám óvirkt	Vestfirðir	25 300	-60.8	1.10	7 340	49 511
	Austfirðir	24 700	-41.9	1.08	5 773	36 711
Mótvægi við kynþroska óvirkt	Vestfirðir	3 800	-94.1	0.20	1 350	3 174
	Austfirðir	2 100	-95.1	0.11	533	26

Ráðlagt eldismagn, án mótvægisaðgerða, lækkar vegna uppfærðs grunns ráðgjafar og stofnstærð villtra stofna hefur minnkað frá síðasta mati.

Ágengni



Áhættumat laxeldis. Priggja ára ágengi ef eldismagn er 50 000 tonn.

GÆÐI ÁHÆTTUMATSINS

Áhættumatið tekur einungis tillit til áhættu á erfðablöndunar frjós eldislaxs við villta stofna en ekki annarra mögulegra umhverfisáhrifa sjókvíaeldis.

Áhættumatið metur einvörðungu áhrif á villta nytjastofna, hér skilgreindir sem stofnar með skráða veiði a.m.k. eitt ár af síðustu 10 árum og hefur stofnstærðarmat yfir 40 löxum að meðaltali. Áhættumatið nær ekki til minni laxastofna eða þar sem gögn um nýtingu eru ekki til staðar.

Forsendur áhættumatsins voru uppfærðar í ár byggt á niðurstöðum rýnihóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES 2025). Þar komu fram ábendingar um að taka mætti meira tillit til varúðarsjónarmiða. Áhættan af því að fara yfir 4 % ágengnismörk er nú metin með slembihermunum og miðar að því að halda ágengni undir þeim mörkum í 95 % tilfella í samræmi við varúðarsjónarmið.

Talsverð óvissa er tengd endurkomuhlutfalli snemm- og síðbúinna stroka, sem er ein af veigamestu stuðlum áhættumatslíkansins. Fyrir snemmbúið stök er hér byggt á niðurstöðum Skilbrei o.fl. (2015). Fyrir síðbúið stök er endurkomuhlutfall miðað við þekkta stökatburði 2018.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Áhættumatið byggir á mótvægisáðgerðum stjórnvalda um vöktun kynþroska í sjókvímum og að vöktun á ám takmarki mögulega hrygningu eldislaxa og erfðablöndun við villta stofna.

Forsendur áhættumatsins voru rýndar af vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES,2025). Hafrannsóknastofnum tekur undir niðurstöður nefndarinnar um áframhaldandi þróun á aðferðafræði og söfnun gagna, sem nýtast við mat á áhættu erfðablöndunar, verði unnin á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

RÁÐGJÖF, LEYFI OG ELDISMAGN

Áhættumat laxeldis. Tillögur um hámarkseldismagn, ákvörðun stjórnvalda um eldismagn og eldismagn (tonn).

Ár	Tillaga, Vestfirðir	Tillaga, Austfirðir	Hámark, Vestfirðir	Hámark, Austfirðir	Framleiðsla, Vestfirðir	Framleiðsla, Norðurland	Framleiðsla, Austfirðir
2004					0	488	4 067
2005					0	435	4 063
2006					0	481	5 471
2007					0	230	886
2008					0	258	0
2009					0	147	0
2010					0	323	33
2011					84	253	0
2012					1 441	350	0
2013					1 875	45	1
2014					2 766	0	81
2015					2 472	0	0
2016					7 243	0	0
2017	50 000	21 000	50 000	21 000	9 701	0	0
2018			50 000	21 000	8 038	0	3 741
2019			50 000	21 000	15 642	0	9 674
2020	64 500	42 000	64 500	42 000	22 026	0	10 241
2021			64 500	42 000	26 990	0	17 514
2022			64 500	42 000	29 122	0	13 872
2023			64 500	42 000	35 683	0	5 164
2024			64 500	42 000	27 932	0	17 752
2025	64 500	42 000	64 500	42 000			

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI

ICES. 2025. Iceland request on aspects of the Genetic Intrusion Risk Assessment Framework for salmon aquaculture (GIRAF). In Report of the ICES Advisory Committee, 2025. ICES Advice 2025. sr.2025.02. <https://doi.org/10.17895/ices.advice.28574333>

Skilbrei, O. T., Heino, M., and Svåsand, T. (2015). Using simulated escape events to assess the annual numbers and destinies of escaped farmed Atlantic salmon of different life stages from farm sites in Norway. ICES Journal of Marine Science, 72:670–685.

Hafrannsóknastofnun 2025: Tækniskýrsla í vinnslu